GUNNARSSTOFNUN

ÁRSSKÝRSLA

Gunnarsstofnunar

2020

Skriðuklaustur
Menningarsetur & sögustaður

Efnisyfirlit

Ágrip 1

Almennt um starfsemina 2

Stærri sýningar og viðburðir 3

- Handalögmál – 16. maí - 7. júní 3
- Undir Klausturhæð og sýning um Gunnar skáld 3
- Miðaldaklaustrið í sýndarveruleika 3

Gallerí Klaustur 4

- Sýnendur í gallerí Klaustri 2020 4

Aðrir viðburðir 5

- Viðburðatal ársins 6

Þjónustusamningar 7

Samstarfsverkefni 8

- Saga Borgarættarinnar – 100 ára afmæli kvikmyndar 8
- Samstarf við Hagnýta menningarmiðlun í Háskóla Íslands 8

CINE-verkefnið 9

- Verkefnið í hnotskurn 9
- Aðild að verkefninu 9
- Vinna Gunnarsstofnunar 9
- Ábyrgð Gunnarsstofnunar 10
- Verkþættir árið 2020 10

Útgáfa og upplýsingagjöf 12

- Útgáfa 12
- Heimasíða og samfélagsmiðlar 12
- Almenn kynning 12

Heimildasafn Gunnars 12

Menningarsjóður Gunnarsstofnunar 13

Gestaíbúðin Klaustrið 13

- Gestir Klaustursins 2020 13

Endurbætur, viðhald og lóðarframkvæmdir 14

Höfundarréttarmál 15

Félagsaðild Gunnarsstofnunar og fleira 15

- Önnur stjórnunarstörf forstöðumanns 15

Hugleiðing forstöðumanns 16

Ágrip

Starfsemi Stofnunar Gunnars Gunnarssonar árið 2020 bar þess merki að heimsfaraldur lokaði á komur erlendra ferðamanna til landsins og Íslendingar ferðuðust innanlands. Safnið á Skriðuklaustri var ekki opnað fyrr en 16. maí en var opið alla daga fram til 20. september. Safngestum fækkaði milli ára enda hvorki gestir af skemmtiferðaskipum né Norrænu vegna Covid. Íslendingar komu í meira mæli en vanalega, sérstaklega í júlí og nutu ýmiskonar afsláttar af aðgangseyri. En tekjur af aðgangseyri og sölu lækkuðu um meira en 50% milli ára. Margir fastir viðburðir féllu niður vegna farsóttarinnar eins og píslarganga, Fljótsdalsdagur og rithöfundalest. Grýlugleði og upplestur á Aðventu voru framkvæmd með útsendingu gegnum netið. Sýningar á Skriðuklaustri voru: Vorsýningin *Handalögmál*; fjórar sýningar voru í gallerí Klaustri; sumarsýning í stássstofu var áfram *Undir Klausturhæð*, sýning um Gunnar var óbreytt og í Franziscu-herbergi var sýndarveruleikasýning um miðaldaklaustrið í tengslum við CINE. Dvalargestir gestaíbúðarinnar Klaustursins voru níu auk nokkurra sem hlupu í skarðið vegna forfalla. Afmælisverkefni í tilefni 100 ára frá frumsýningu kvikmyndarinnar *Sögu Borgarættarinnar* tók miklum breytingum vegna faraldursins og aflýsa þurfti sýningu á myndinni með lifandi tónlist í Eldborg sem fara átti fram í maí.

CINE verkefnið, sem nýtur styrks úr Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPA) og snýst um skráningu og miðlun á menningararfi með nýjustu tækni, tók töluverðan tíma á árinu en lauk í árslok. Umsamið var að 15% af vinnutíma forstöðumanns færi í CINE og 10% af tíma staðarhaldara þessi rúmu þrjú ár sem verkefnið stóð. Gunnarsstofnun skipulagði viðburði í tengslum við verkefnið auk þess að sinna því allt árið og taka þátt í stafrænum fundum og viðburðum.

Tveir starfsmenn voru í fullu starfi allt árið: Forstöðumaður og staðarhaldari. Starfsmenn ráðnir tímabundið vegna verkefna og eða gestamóttöku voru fjórir. Alls skiluðum starfsmenn um 38 mannmánuðum.
Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður í fullu starfi.
Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir staðarhaldari í fullu starfi við gestamóttöku, stjórnun o.fl.
Ann-Marie Schlutz vann í tæpa sex mánuði við úrklippuverkefni og gestamóttöku.
Brynjar Darri Kjerúlf vann í þrjá mánuði við gestamóttöku og umhirðu.
Bríet Finnsdóttir vann í tæpa þrjá mánuði við gestamóttöku og umhirðu.
Jófríður Úlfarsdóttir vann í þrjá mánuði við gestamóttöku og umhirðu.
Þá vann *Helga Eyjólfsdóttir*, nemi í ferðamálafræði við Hólaskóla, í þrjá mánuði á styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Stjórn Gunnarsstofnunar hélt fimm fundi á árinu: 26. mars, 20. apríl, 12. júní, 17. sept. og 21. des. Fundirnir voru ýmist gegnum síma eða fjarfundabúnaðinn Zoom. Skipunartími stjórnarinnar rann út í árslok en hún var þannig skipuð:

Gunnar Björn Gunnarsson, kjörinn formaður, tilnefndur af menntamálaráðuneyti.
Varamaður hans: *Gunnar Martin Úlfsson*.
Margrét Jónsdóttir tilnefnd af Háskóla Íslands.
Varamaður hennar: *Hjalti Hugason*.
Sigríður Sigmundsdóttir, kjörin varaformaður, tilnefnd af Austurbrú ses.
Varamaður hennar: *Björg Björnsdóttir*.
Oddný Eir Ævarsdóttir tilnefnd af Rithöfundasambandi Íslands.
Varamaður hennar: *Bjarni M. Bjarnason*.
Svanhildur Óskarsdóttir tilnefnd af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Varamaður hennar: *Rósa Þorsteinsdóttir*.

Rekstrarframlag til stofnunarinnar á fjárlögum nam 51,7 m.kr. Aðrar tekjur námu um 21,7 m.kr. Rekstrargjöld voru tæpar 72 m.kr. og var tekjuafgangur að teknu tilliti til fjármagnsliða um 1,6 m.kr. Húsaleiga til Ríkiseigna vegna fasteigna á staðnum nam um 12,7 m.kr. Eigið fé stofnunarinnar í árslok nam 21,8 m.kr.

Fjöldi Íslendinga á sólardögum var oft slíkur að leggja þurfti úti túni til að koma öllum fyrir.

Almennt um starfsemina

Heimsfaraldurinn setti mark sitt á starfsemi Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri árið 2020. Aflýsa þurfti mörgum föstum viðburðum vegna samkomutakmarkana eða breyta formi þeirra og senda þá út gegnum netið. Opnun vor og haust var skemmri en í venjulegu ári og hvorki komu hópar frá Norrænu né skemmtiferðaskipum sem hafði í för með sér verulegan tekjusamdrátt. Á móti kom að Íslendingar fjölmenntu til Austurlands og heimsóttu Skriðuklaustur, margir hverjir í fyrsta sinn. Einkennandi var að stórfjölskyldan ferðaðist saman og var því oft margt um manninn í þær rúmu sex vikur sem íslenska ferðamannasumarið stóð. Til að hvetja til heimsókna á safnið var boðið upp á tilboðið tveir fyrir einn gegnum tilboðsmiða á gististöðum og Sparaustur-appið og skilaði það sér í fjölgun íslenskra safngesta.

Farþegar úr skemmtiferðaskipum og Norrænu voru 6400 talsins árið 2019 og munaði um að missa þann aðgangseyri úr sértekjum. 50% afsláttur til íslenskra gesta leiddi einnig til tekjulækkunar og drógust tekjur af aðgangseyri og vörusölu saman um meira en 50% á milli ára. Heildargestafjöldi var samt álíka og árið á undan. Áætlað er að gestir staðarins að börnum meðtöldum hafi verið um 40.000 og hátt í þriðjungur þeirra komið inn á safnið. Gjaldskrá var ekki hækkuð milli ára, aðgangseyrir einstaklings er kr. 1.100 kr. fyrir 17 ára og eldri. Sextán ára og yngri fá frítt og öryrkjar og aldraðir greiða 550 kr. ásamt því að námsmenn fá 25% afslátt. Einnig er veittur hópafsláttur. Eins og árin á undan var leiðsögn um minjasvæðið aðeins í boði fyrir hópa gegn þóknun. Að öðru leyti fara gestir um það svæði sjálfir og lesa sér til á skiltum.

Opnunartími var eins og fyrir fimmtán árum út af COVID-19. Dagleg opnun hófst ekki fyrr en 16. maí en síðan var opið alla daga fram til 20. september. Opnun vegna stakra viðburða utan þess tíma var nær engin. Alls var opið á Skriðuklaustri um 130 daga af árinu á móti 210 dögum árið á undan.

Heilársstarfsmenn voru forstöðumaður og staðarhaldari. Þá var einn starfsmaður í að jafnaði 50% starfi við skráningu á úrklippum auk þess að sinna gestamóttöku yfir sumarið. Tímabundnir starfsmenn í gestamóttöku yfir sumarið voru þrír og skiptu með sér vöktum ásamt staðarhaldara og forstöðumanni. Starfsmenn gengu að venju í ýmis verk utan þess að taka á móti gestum. Má þar nefna garðvinnu í kringum húsið, slátt á minjasvæði, umhirðu blómabeða, vökvun og slátt á þaki og öll þrif innandyra. Bóndinn á Skriðuklaustri sá um að að slá flatirnar við Gunnarshús og stærra svæði. Þá kom vinnuhópur frá Landsvirkjun og vann með starfsmönnum að umhirðu á lóð í tvo daga.

Þetta var tuttugasta og fyrsta sumarið sem Skriðuklaustur er opið fyrir gesti. Staðurinn nýtur vinsælda, bæði sem ferðamannastaður og einnig sem staður til að heimsækja af sérstöku tilefni. Veitingastaðurinn Klausturkaffi hefur skapað sér sérstöðu og dregur ekki síður að gesti heldur en húsið, fornleifarnar og menningarstarfsemin. Klausturreglan er félagsskapur fyrir fasta gesti og þá sem vilja styðja við stofnunina. Til hennar teljast um 120 manns.

Stærri sýningar og viðburðir

Handalögmál – 16. maí - 7. júní

Páskasýning ársins breyttist í vorsýning vegna lokunar út af farsóttinni í apríl og fram í miðjan maí. Eins og stundum áður var hún unnin í samvinnu við Handverk og hönnun. Sýnd voru verk eftir Þórdísi Jónsdóttur, Philippe Ricart og Ýr Jóhannsdóttur. Á sýningunni mátti sjá nýja notkun á gömlum handverkshefðum og hvernig notaðar flíkur geta öðlast nýtt líf. Sýningin vakti athygli og var þokkalega sótt af heimamönnum þó að færra fólk hafi almennt verið á ferðinni vegna sóttvarnartilmæla.



Vorsýningin *Handalögmál* var unnin í samvinnu við Handverk og hönnun.

Undir Klausturhæð og sýning um Gunnar skáld

Meginsýning sumarsins í stássstofu Gunnarshúss var í grunninn hin sama og sett hefur verið upp undangengin sumur, helguð klaustrinu og rannsókn þess. Var hún komin upp 9. júní og þegar leið á mánuðinn fjölgaði gestum sem voru þetta sumarið nær eingöngu Íslendingar. En margir þeirra höfðu aldrei komið í Skriðuklaustur og nutu þess að fræðast um sögu miðalda og klaustursins á Skriðu.

Í skrifstofu skáldsins og í raun um allt húsið var áfram óbreytt sýning um Gunnar Gunnarsson, ævi og verk. Starfsfólk veitti leiðsögn um sýningarnar og sagði frá klaustrinu og Gunnari ásamt fleiru.

Hin klassíska uppstilling í skrifstofu skáldsins á skrifborði og ritvél ásamt hreppstjórastólnum hans Gunnars tók sig vel út á nýslípuðu gólfinu.

Miðaldaklaustrið í sýndarveruleika

Til viðbótar við sýninguna í stássstofu er sýndarveruleiki miðaldaklaustursins í Franziscuherbergi. Þar gátu gestir sett á sig Oculus Rift höfuðtól og skyggnst inn í byggingar klaustursins fyrir 500 árum. Þrívíddarmódelið af byggingunum er unnið af sérfræðingum hjá St. Andrews háskólanum, m.a. í tengslum við CINE-verkefnið og fyrir styrki frá Uppbyggingarsjóði Austurlands. Síðsumars 2019 kom ný gerð af sýndarveruleikanum sem gerði gestum kleift að ganga um byggingarnar og svífa í kringum þær. Óhætt er að segja að sýndarveruleikinn hafi vakið mikla athygli hjá gestum sumarið 2020 og nutu ungir sem aldnir þess að skyggnast inn í tilgátuhús 16. aldar og fræðast þannig um miðaldaklaustrið.

Sýndarveruleiki klaustursins í Franziscuherbergi vekur áhuga og athygli ungra sem aldinna.

Gallerí Klaustur

Sýningar í gallerí Klaustri voru aðeins fjórar þetta árið vegna styttri opnunar
út af COVID-19 en þær gáfu gestum innsýn í ólíkar listgreinar.

Sýnendur í gallerí Klaustri 2020

Úlfar Trausti Þórðarson (ljósmyndir) *Norðaustur landslag* 16. maí - 7. júní
Ljósmyndir af landslagi á Norður- og Austurlandi teknar með sérstakri tækni.

Harpa Dís Hákonardóttir (blönduð tækni) *Úr Jörðu* 9. júní - 3. júlí
Sýning var samtal efniviðar af svæðinu, leirs af bökkum Selfljóts og nytjatrjáa úr Fljótsdal.

Joan Pearlman (myndbandsverk) *Drowning Pool* 11. júlí - 6. ágúst
Myndbandsverk um lækningu og hefnd, tekið upp á sögulegum stöðum á Íslandi.

Anna Guðlaug Sigurðardóttir (silfur- og gullsmíði) *Skáldað í silfur* 8. ágúst - 20. sept.
Skart á þjóðbúning, hringar og skrautmunir frá yngsta gullsmiði landsins.

Úlfar Trausti sýndi listrænar ljósmyndir.

Anna Guðlaug sýndi muni úr silfri og gulli.

Harpa Dís sýndi verk unnin með leir frá Selfljóti.

Bandaríska listakonan Joan Pearlman sýndi myndbandsverkið *Drekkingarhylur*.

Ólafur Darri Ólafsson leikari las *Aðventu* í stofunni á Dyngjuveginum og yfir sjö þúsund skoðuðu streymið á hálfum mánuði.

Aðrir viðburðir

Auk framantalinna sýninga var eitt og annað á seyði á Skriðuklaustri þetta árið þó að minna hafi verið um staðbundna viðburði heldur en vanalega vegna heimsfaraldursins. Til að mynda var ekki hægt að efna til **Lombers**, hins gamla sagnaspil sem Gunnar mat mikils, reglulega yfir vetrartímann vegna samkomutakmarkana. Þó náðist að spila tvisvar áður en faraldurinn skall á og var spilað í minningu látins lomberfélaga í seinna skiptið á hlaupársdag.

Hampur til sjálfbærni var yfirskrift erindis sem Pálmi Einarsson iðnhönnuður og bóndi í Gautavík hélt á konudaginn 23. febrúar og var húsfyllir í stofunni á Klaustri.

Svartfugl rokkaður var heiti tónleika með bandarísku tónlistarkonunni Ameliu Ray. Hún dvaldi í gestaíbúð á Skriðuklaustri fyrir nokkrum árum og samdi í kjölfarið tónlist innblásna af Svartfugli Gunnars Gunnarssonar. Tónleikarnir fóru fram á Tehúsinu á Egilsstöðum 13. mars en þeim var einnig streymt gegnum Facebook. Þetta var síðasti viðburður sem haldinn var á vegum Gunnarsstofnunar áður en samkomutakmarkanir hófust vegna COVID-19.

A window to the monastic heritage of Iceland var yfirskrift beinnar útsendingar sem send var út 23. apríl frá minjasvæðinu í samstarfi við háskólann í St. Andrews og sem hluti af CINE-verkefninu. Forstöðumaður stofnunarinnar veitti áhorfendum innsýn í sögu miðaldaklaustursins með aðstoð tæknimanna úti í Skotlandi þannig að bæði var sýnt úr raunheimum og sýndarveruleika auk þess sem brugðið var upp þrívíddamyndum af gripum sem fundust. Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur tók einnig þátt í umræðum í lok útsendingarinnar. Áhorfendur skiptu tugum víða að úr heiminum og ári síðar hafa um þúsund manns horft á upptökuna.

Í júní var þess minnst að 20 ár voru liðin frá því menningarsetrið var opnað á Skriðuklaustri. Var klippt saman stutt myndband í tilefni þess til að kynna staðinn á samfélagsmiðlum. Er myndbandið aðgengilegt á Facebook og á Youtube-rás Skriðuklausturs.

Hinn 9. júlí hélt Reynir del Norte **gítartónleika í stássstofunni** á Skriðuklaustri á hringferð sinni um landið með flamenco tónlist.

Vegna samkomutakmarkana voru hvorki haldin töðugjöld né Fljótsdalsdagur og messa á klausturrústum féll einnig niður þetta sumarið og daglegri opnun lauk 20. september. Gunnarsstofnun stóð að viðburðinum **Jarðeplahátíð** í

Vallanesi ásamt fleirum 3. október þar sem saga kartöflunnar var rakin af forstöðumanni, m.a. til Vísa-Gísla Magnússonar sem var sýslumaður á Skriðuklaustri. Gestir fengu síðan að smakka ýmsa kartöflurétti.

Rithöfundalestin var með öðru sniði út af farsóttinni. Ráðinn var einn höfundur, Bergrún Íris Sævarsdóttir, til að heimsækja alla grunnskólana á Austurlandi og fóru þær heimsóknir fram gegnum fjarfundabúnað en tókust vel. Þá var farið í samstarf við Austurfrétt/Austurgluggann og kynntar bækur eftir austfirska höfunda eða sem tengdust Austurlandi með stuttum myndböndum frá höfundunum. Gunnarsstofnun hafði umsjón með skipulagningu og fjármálum verkefnisins sem naut styrks frá Uppbyggingarsjóði Austurlands.

Grýlugleði hefur verið fastur viðburður í upphafi aðventu síðan árið 2000. Samkomutakmarkanir komu í veg fyrir hefðbundna Grýlugleði þetta árið en til að hún félli ekki niður var gerð upptaka af ævintýralegri heimsókn Dvalins sagnaálfs í Grýluhelli þar sem hann var í beinu sambandi við gaulálfana. Hún var send út fyrsta sunnudag í aðventu og fylgdust mun fleiri með henni en rúmast hefðu á Skriðuklaustri. Alls hafa 560 nú horft á upptökuna sem er aðgengileg á Youtube-rás Skriðuklausturs.

Síðasti viðburður ársins var að venju upplestur á *Aðventu* sem fór fram með öðru sniði en vanalega. Í samvinnu við Rithöfundasamband Íslands var Ólafur Darri Ólafsson leikari fenginn til að lesa söguna við arineld í stofunni á Dyngjuvegi 8 og upptökunni var síðan streymt á þriðja sunnudegi í aðventu gegnum Youtube-rás Skriðuklausturs. Óhætt er að segja að aldrei hafi fleiri hlýtt á upplestur sögunnar og þegar lokað var fyrir aðgengi að upptökunni í árslok höfðu 7300 manns horft á hana að hluta eða í heild.

Í samvinnu við íslenska sendiráðið í Berlín var lestur á sögunni tekinn upp og upptakan gerð aðgengileg í formi hlaðvarps á aðventunni í stað venjubundinnar samkomu í sendiráðinu. Þá fréttist af fleiri upplestrum og til að mynda las Elfar Logi Hannesson söguna upp í desember í vikulegum útsendingum á vegum Kómedíuleikhússins.

Viðburðatal ársins

Lomberkvöld á Skriðuklaustri	10. janúar
Konudagsspjall, *Hampur til sjálfbærni*, Pálmi Einarsson	23. febrúar
Lomber í minningu Magna á Skriðuklaustri	29. febrúar
Svartfugl rokkaður - tónleikar Ameliu Ray á Tehúsinu Egilsstöðum	13. mars
A window to the monastic heritage of Iceland, CINE-útsending á Facebook	23. apríl
Opnun vorsýninganna *Handalögmáls* og *Norðaustur landslags*	16. maí
Opnun á sýningunni *Úr Jörðu* í gallerí Klaustri	9. júní
Flamenco tónleikar, Reynir Hauksson del Norte	9. júlí
Opnun á sýningu Joan Pearlman í gallerí Klaustri	11. júlí
Opnun á sýningu Önnu Guðlaugar Sigurðardóttur í gallerí Klaustri	8. ágúst
Jarðeplahátíð í Vallanesi - samstarfsverkefni	3. október
Storytelling and gamification - hluti af málstofuröðinni CINE Talks	15. október
Grýlugleði - útsending á Youtube-rás Skriðuklausturs	29. nóvember
Aðventa - upplestur Ólafs Darra - útsending á Youtube-rás Skriðuklausturs	13. desember

Amelia Ray söng um ástir Steinunnar og Bjarna.

Lomber var spilaður í minningu Magna.

Húsfyllir var á fyrirlestri Pálma Einarssonar.

Ein af drónamyndunum sem Helga Eyjólfsdóttir tók sumarið 2020.

Þjónustusamningar

Menningarsjóður Stofnunar Gunnars Gunnarssonar gerði árið 2017 ótímabundið samkomulag um þjónustu Gunnarsstofnunar við sjóðinn sem kveður á um þau verkefni sem forstöðumaður á að sinna fyrir sjóðinn. Verkefnin snúast fyrst og fremst um umsjón með auglýsingum um styrki, úthlutun styrkja, eftirfylgni og upplýsingagjöf.

Þjónustusamningur við Fljótsdalshrepp var endurnýjaður í ársbyrjun 2018 og gilti til ársloka 2020. Samningurinn tekur til ákveðinnar þjónustu á sviði ferða- og menningarmála, t.d. sér stofnunin um að gera umsóknir, áfanga- og lokaskýrslur til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Þá situr forstöðumaður í svokölluðu markaðsráði Austurlands f.h. hreppsins, sem er vinnuhópur sveitarfélaga og Austurbrúar kringum verkefnið *Áfangastaðurinn Austurland*. Jafnframt stýrir Gunnarsstofnun Ferðaklasa Upphéraðs á grundvelli þessa samnings en í honum eru ferðaþjónustuaðilar, stofnanir og fyrirtæki sem starfa á svæðinu frá Vallanesi og upp í Laugarfell. Klasinn gefur út markaðsefni til að lokka til sín ferðamenn, heldur utan um heimasíðuna hengifoss.is og vinnur að nýsköpun og þróun þjónustu og upplýsingagjafar fyrir ferðamenn á svæðinu. Klasinn einbeitti sér að markaðsetningu gegnum samfélagsmiðla gagnvart Íslendingum á árinu og tókst það með ágætum. Nýttust ljósmyndir og myndbönd sem gerð voru árið á undan vel við þá herferð.

Skriðuklaustur og fleiri aðilar á Upphéraði tóku þátt í Mannamóti markaðsstofanna í Kórnum í Kópavogi í janúar 2020.

Starfsfólk á Skriðuklaustri í starfsmannaferð á Borgarfirði eystra um miðjan ágúst í sunnanroki og tuttugu stiga hita.

Samstarfsverkefni

Saga Borgarættarinnar – 100 ára afmæli kvikmyndar

Eitt af þeim samstarfsverkefnum sem Gunnarsstofnun vann áfram að 2020 var verkefni vegna 100 ára afmælis kvikmyndarinnar sem gerð var eftir *Sögu Borgarættarinnar* árið 1919 og frumsýnd í Kaupmannahöfn í ágúst 1920. Verkefnið hefur verið í undirbúningi um nokkurra ára skeið í samvinnu við Kvikmyndasafn Íslands og Dansk Film Institut. Í byrjun árs var unnið af krafti að undirbúningi hátíðarsýninga á myndinni með lifandi undirleik Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands á nýrri tónlist eftir Þórð Magnússon. Til stóð að sýna bæði í Hofi á Akureyri og Eldborg Hörpu um miðjan maí. Var kynningarherferð og miðasala farin af stað þegar heimsfaraldurinn skall á með tilheyrandi samkomutakmörkunum í mars. Hátíðarsýningum var því frestað og um haustið var tekin ákvörðun um að hætta við slíkar sýningar með heilli sinfóníuhljómsveit og einbeita sér að upptökum á tónlistinni þegar aðstæður leyfðu. Þær aðstæður sköpuðust ekki fyrr en í febrúar 2021 þegar þrír tímar af tónlist Þórðar Magnússonar voru teknir upp í Hofi hjá Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Þar með verður hægt að sýna myndina með nýrri tónlist þegar aðstæður skapast og er áfram áhugi til að fá myndina á kvikmyndahátíðir bæði á Ítalíu og í Danmörku. Gunnarsstofnun hefur haldið utan um hluta af þessu afmælisverkefni og séð um kynningarmál, umsóknir um styrki og fleira. Menningarsjóður Gunnarsstofnunar og Gunnarsstofnun hafa lagt nokkrar milljónir í verkefnið fyrir utan vinnuframlag forstöðumanns. Styrkir hafa fengist úr nokkrum íslenskum sjóðum en umsókn í Norræna menningarsjóðinn var hafnað í tvígang.

Samstarf við Hagnýta menningarmiðlun í Háskóla Íslands

Samstarfi Gunnarsstofnunar og námsleiðar um Hagnýta menningarmiðlun við Háskóla Íslands, sem hófst kringum CINE námsstefnuna í Gerðubergi 2018, var framhaldið á árinu. Forstöðumaður Gunnarsstofnunar kenndi öðru sinni á haustönn 10 eininga áfanga undir heitinu *Leikjavæðing og menningarmiðlun.* Naut forstöðumaður fulltingis samstarfsaðila frá námsstefnunni auk fleiri til að miðla ýmsu varðandi leikjavæðingu og mikilvægi þess að nýta sér nýja tækni leikjaheimsins og aðferðafræði leikja til miðlunar á menningarefni. Verður áfanginn kenndur í þriðja sinn haustið 2021.

CINE-verkefnið

Í september 2017 hófst verkefnið CINE sem naut styrks úr Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPA). Verkefninu lauk í árslok 2020 en það snerist um skráningu og miðlun á menningararfi með nýjustu tækni og var heildarkostnaður upp á um 230 m.kr. Gunnarsstofnun bar ábyrgð á einum vinnupakka og var kostnaður stofnunarinnar í verkefninu áætlaður um 13 m.kr. en þar af fengust 60% endurgreidd. Mótframlag Gunnarsstofnunar var í formi vinnu og fóru um 15% af vinnutíma forstöðumanns í CINE þessi rúmu þrjú ár sem verkefnið stóð og um 10% af tíma staðarhaldara.

Verkefnið í hnotskurn

Í hnotskurn snerist CINE um að að skrá og miðla menningararfi með nýjustu tækni og margmiðlun. Tækni sem er til staðar var gerð aðgengileg og samnýtt til smíði á tólum sem nýst geta smærri söfnum til að miðla þeim upplýsingum og gögnum sem þau búa yfir. Unnin voru tilraunaverkefni, samdar leiðbeiningar og opnað aðgengi að þeim tæknilausnum sem búnar voru til í verkefninu. Afraksturinn má nú nálgast gegnum heimasíðu Skriðuklausturs.

Aðild að verkefninu

Museum Nord safnið í Norður-Noregi var leiðandi aðili í verkefninu (lead partner) og bar ábyrgð á fjármálum þess og framkvæmd. Aðrir aðilar voru:

Noregur: Institutt for medier og kommunikasjon, Oslóarháskóla og Aurora Borealis Multimedia.
Írland: Donegal County Museum og Intellegent systems research centre við Ulster-háskólann.
Skotland: Timespan - Helmsdale Heritage and Arts Society og háskólinn í St. Andrews.
Ísland: Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri og Locatify.

Fleiri áttu aukaaðild að verkefninu:

Noregur: Riksantikvaren, Nordlands Fylkeskommune, Vågan Kommune, Tromsø Museum.
Skotland: Highlands & Islands Enterprise, Historic Environment Scotland.
Ísland: Minjastofnun Íslands, Fljótsdalshreppur, Óbyggðasetur Íslands og Vatnajökulsþjóðgarður.

Vinna Gunnarsstofnunar

Gunnarsstofnun bar ábyrgð á vinnupakka T3 ásamt írsku samstarfsaðilunum. Sá vinnupakki snerist um að beita nýjum aðferðum við skráningu og miðlun á minjastöðum og fornum leiðum og virkja almenning til skráningar. Einnig var skoðað sérstaklega hvernig er hægt að nota leiki til að miðla fróðleik um menningararfinn til ferðamanna og skólabarna. Kjarninn í verkefninu hérlendis var Skriðuklaustur, minjastaðurinn sem slíkur en einnig staðir og leiðir sem tengdust miðaldaklaustrinu. Sérstaklega var skoðuð leiðin úr Fljótsdal, yfir jökul og niður í Suðursveit til Borgarhafnar. En á henni var til að mynda hægt að taka inn í verkefnið veðurfarsbreytingar fyrri tíma og nútímans sem verða til þess að jökullinn skríður fram eða hopar.

Afrakstur verkefnisins var margþættur. Þrívíddarlíkan að klausturbyggingunum var búið til og er sá sýndarveruleiki í notkun á Skriðuklaustri og verður þróaður áfram. Safnað hefur verið miklu myndefni sem verður nýtt til miðlunar á sögu klaustursins og jarðeignum þess vítt og breitt um Austurland sem og gömlu ferðaleiðum. Leikir sem fá ferðamenn til að feta söguslóðir í Fljótsdal og víðar hafa orðið til og fjar-ferðamennska verið nýtt til að varpa þrívíddarleiðsögn frá Skriðuklaustri til fólks í öðrum löndum sem ekki átti þess ekki kost að heimsækja staðinn á COVID-tímum. Ný tækni til að miðla upplýsingum um gripi inni í sýningum og í snjalltækjum var könnuð og þróuð og áhrif hlýnunar jarðar sýnd í líkönum. Nýjar aðferðir við að skrá fornminjar voru reyndar, t.d. 360° ljósmyndir og einnig skoðað hvernig nýta má sýndarveruleika fyrir sveitarfélög til að auka skilning á skipulagi. Þá var smíðað sérstakt smáforrit fyrir Minjastofnun til að lýðvista skráningu og eftirlit með fornminjum.

Frá CINE Talks málstofunni *Storytelling and gamification* sem stýrt var af Gunnarsstofnun og um 3400 manns hafa horft á.

Með styrk frá Vinum Vatnajökuls var byrjað að safna gögnum eins og ljósmyndum og drónamyndum af leiðinni milli Skriðuklausturs og Borgarhafnar síðsumars 2017. Vinna að verkefnunum *Söguhjúpur Skriðuklausturs* og *Flakkað um fornar slóðir,* sem Uppbyggingarsjóður Austurlands hefur styrkt, tengdist einnig gagnaöflun fyrir CINE og tæknivinnu. Styrkur úr Nýsköpunarsjóði námsmanna árið 2020 var nýttur til myndatöku með dróna á þeim jörðum á Austurlandi sem Skriðuklaustri átti á 16. öld. Styrkur úr Nýsköpunarsjóði námsmanna 2017 var nýttur til að smíða fjársjóðsleik fyrir snjallsíma í anda Pokémon Go. Vinir Vatnajökuls veittu samstarfsverkefni Gunnarsstofnunar og Jarðvísindastofnunar HÍ styrk fyrir árið 2019 til að vinna nýtt reiknilíkan sem sýnir hvernig Vatnajökull stækkaði frá landnámi svo að betur væri hægt að gera sér grein fyrir ferðaleiðum á tíma klaustursins. Þannig opnaði NPA-verkefnið leið að meira fjármagni úr öðrum sjóðum til að stækka verkefnið.

Ábyrgð Gunnarsstofnunar

Forstöðumaður Gunnarsstofnunar leiddi starfið fyrir íslensku aðilana í verkefninu og það var á hans ábyrgð að stýra vinnuhópi verkefnisins á Íslandi með aðild aukaaðila. Hann sat í stýrihópi verkefnisins sem fundaði á sex mánaða fresti og í hópi þeirra sem leiddu vinnupakka sem funduðu mánaðarlega stóran hluta verktímans.

Verkþættir árið 2020

Lokatímabil verkefnisins átti að vera með þéttskipaðri kynningardagskrá, vinnustofum og viðburðum til að kynna og prófa verkfærakistur CINE. Vegna heimsfaraldursins fóru þau áform út um þúfur og þó að verkefnið væri framlengt til ársloka sköpuðust aldrei þær aðstæður á Íslandi að slíkar samkomur væru mögulegar. Fyrirhugaðri lokaráðstefna og lokafundum sem vera áttu í Lofoten í Noregi varð að aflýsa. En eftir að COVID-19 skall á öllum þátttökuþjóðunum var gripið til þess ráðs að nýta fjarfundi og útsendingar á netinu til að vinna saman og miðla.

Gunnarsstofnun reið á vaðið með beina útsendingu á Facebook frá minjasvæðinu á Skriðuklaustri 23. apríl þar sem samstarfsaðilar í St. Andrews krydduðu leiðsögn forstöðumanns um klausturrrústirnar með innskotum úr sýndarveruleika og þrívíðum myndum af gripum sem fundust.

Málstofuröðin CINE Talks var haldin haustið 2020 og kom í stað stórar ráðstefnu í Noregi. Gunnarsstofnun stýrði fyrstu málstofunni 15. október um leikjavæðingu og sagnamennsku þar sem gefin var innsýn í afrakstur CINE á því sviði en jafnframt fengnir tveir fyrirlesarar með mikla reynslu, Ed Rodley frá Bandaríkjunum sem áður var gestur á náms-stefnunni í Gerðubergi 2018, og Maria Economou prófessor við háskólann í Glasgow. Alls hafa 3400 manns horft á þessa málstofu og var hún vinsælust af CINE Talks.

Forstöðumaður og staðarhaldari tóku auk þess þátt í mörgum fleiri vinnu- og málstofum á netinu árið 2020 sem tengdust CINE og starfi teymisins í St. Andrews við að nýta nýja tækni til miðlunar á fortíðinni.

Fjölnir á Hala að lýsa leiðinni undir Hálsatindi.

Helga Eyjólfsdóttir að setja drónann á loft í Loðmundarfirði.

Sýndarveruleiki Skriðuklausturs var þróaður áfram innan CINE verkefnisins af St. Andrews-teyminu og keyptur meiri tæknibúnaður til að miðla honum. Nú er hægt að fara með sýndarveruleikagleraugu (Oculus Go) á minjasvæðið og leyfa fólki að skoða sig um í rýmum þrívíddalíkansins á staðnum. Þá var byrjað að setja inn í sýndarheiminn þrívíðar myndir af gripum úr uppgreftrinum og upplýsingar um þá.

Gunnarsstofnun ásamt Locatify og St. Andrews-teyminu gerðu tilraunir með UltraWideBand staðsetningartækni á Skriðuklaustri sumarið 2019 í þeim tilgangi að gera fólki kleift að skoða klausturrústirnar með nýjum hætti á staðnum. Tilraunin gaf góðar niðurstöður og því stóðu vonir til þess að leyfi fengist frá Minjastofnun til að setja UWB búnaðinn upp við klausturrústirnar fyrir sumarið 2020. Sótt var aftur um leyfi til að setja upp þessa fimm senda sem þarf í kringum rústirnar en þeirri umsókn var hafnað.

Mikil áhersla var lögð á það sumarið 2020 að safna myndefni frá klausturjörðum vítt og breitt um Austurland. Einn starfsmaður vann að því í þrjá mánuði á styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna og tók myndir og myndbönd með dróna. Sami starfsmaður klippi síðan saman myndefnið og gerði það tilbúið til birtingar í gagnagrunni verkefnisins. Forstöðumaður fór einnig sérstaka ferð síðsumars með Fjölni Torfasyni á Hala í Suðursveit ásamt fleirum að leita gamalla gatna frá jökuljaðri við Skálafellsjökul og um Staðarhálsa undir Hálsatindi. Gatan var víða greinileg og var leiðangurinn myndaður í bak og fyrir.

CINEgate (cineg.org) heitir kortlægur gagnagrunnur sem heldur utan um gögn CINE-verkefnisins. Staðarhaldari vann að því árið 2020 að setja þar inn allar klausturjarðirnar með tilheyrandi upplýsingum og myndefni. Jafnframt var sett inn fleira efni úr öðrum kortagrunnum til að sýna til dæmis skörun menningarminja og skráðra virkjanakosta í Fljótsdal. Þrívíðum ljósmyndum af tugum gripa úr rannsókninni hefur einnig verið varpað út á netið gegnum CINE-verkefnið og hægt að tengjast inn á þá gátt gegnum cineg.org og skriduklaustur.is/minjar.

Eitt af verkefnum Gunnarsstofnunar var að útbúa litla handbók um leikjaveðingu og menningarmiðlun með sýnidæmum fyrir menningarstofnanir. Forstöðumaður stofnunarinnar samdi hana og var hún gefin út á vefsíðuformi undir slóðinni cinegamification.com.



CINE-verkefninu lauk í árslok 2020 og var lokið við skýrslugerð vegna verkefnisins á fyrstu viku nýs árs. Gunnarsstofnun er þátttakandi í öðru smærra NPA-verkefni ásamt tveimur CINE-félögum og Mayo sýslunni á Írlandi. Það verkefni kallast STRATUS og átti að hefjast með vinnustofu í Mayo sumarið 2020 en upphaf þess frestaðist fram á haust og færðist alfarið yfir í netheima. Í því verkefni er haldið áfram með ferðaleiðina fornu milli Skriðuklausturs og Suðursveitar. Markmið verkefnisins er að sýna fram á mikilvægi þess að nýta sýndarveruleika og skylda tækni til að miðla sögu áfangastaða og ferðaleiða til gesta og annarra markhópa.

Útgáfa og upplýsingagjöf



Útgáfa

Gunnarsstofnun stóð ekki fyrir neinni formlegri útgáfu árið 2020. Prentaðar voru sýningarskrár fyrir gallerí Klaustur líkt og vanalega og *Klausturpósturinn* var sendur rafrænt til Klausturreglufélaga. Önnur útgáfa var ekki á vegum stofnunarinnar nema í CINE-verkefninu.

Heimasíða og samfélagsmiðlar

Notendur heimasíðunnar www.skriduklaustur.is voru fleiri en 2019 en svipað og árin á undan, um tíu þúsund alls. Síðuheimsóknir voru um tólf þúsund og meðaltími hvers notanda inni á heimasíðunni var tæpar tvær mínútur. 80% notenda tengdist síðunni frá Íslandi. Í tengslum við CINE-verkefnið var klausturminjahluti síðunnar uppfærður bæði á íslensku og ensku og fyrir liggur að taka aðra hluta hennar í gegn með svipuðum hætti.

Dagleg miðlun upplýsinga og kynning fer orðið fram að mestu gegnum Facebook og Instagram. Þá er komið meira efni inn á Youtube-rás Skriðuklausturs og ætlunin að bæta í þann miðil sem er auðvelt að tengja við heimasíður og samfélagsmiðla. Upplýsingar á Google skipta æ meira máli og mikilvægt að gera grein fyrir opnunartíma og framboði þjónustu þar fyrir ferðamenn sem leita að spennandi kostum í nærumhverfinu á ferðalagi sínu. Skriðuklaustur heldur velli sem einn af þeim stöðum á Austurlandi sem fá hvað besta einkunn á TripAdvisor og Google.

Almenn kynning

Ekkert nýtt kynningarefni var unnið sérstaklega fyrir Skriðuklaustur heldur áfram treyst á lokkara Upphéraðsklasans til almennrar kynningar en hann var endurútgefinn á árinu. Auglýst var í Vegahandbókinni, Safnabókinni og Handpicked Iceland ásamt þátttöku í sameiginlegri auglýsingu Upphéraðsklasa í Kompási. Viðburðir voru auglýstir í Dagskránni og Austurglugganum. Klausturkaffi auglýsti staðinn í útvarpsauglýsingum auk þess sem Gunnarsstofnun tók þátt í útvarpsauglýsingum safna.

Heimildasafn Gunnars

Árið 2020 var ráðinn starfsmaður til að vinna í úrklippusafni Gunnars ásamt gestamóttöku. Þó að starfið hafi aðeins verið um 50% á ársgrundvelli náðist stór áfangi í skönnun og flokkun á þýskum úrklippum úr skjalasafni Gunnars. Var þeirri vinnu nær lokið um áramót og kláraðist snemma árs 2021. Úrklippusafn Gunnars er því tilbúið til yfirfærslu í venslaðan gagnagrunn hjá Lbs-Hbs þegar hann verður tilbúinn, sem vonandi gerist á næstunni.

Unterhaltung · Kunst und Wissen

Großvater Gunnarson und Enkelin Franziska

Ein Dichtergast aus Island

Mein Taxifahrer erzählte, sein Fahrgast vor mir sei ein freundlicher alter Isländer gewesen. So geriet ich auf die Spur Gunnar Gunnarsons, des bekannten isländischen Autors, der sich seit kurzem zu einem Arbeitsbesuch bei uns niedergelassen hat. . .

Von Holland kommend, galt Gunnarsons erster Weg dem Grabe des Baumeisterfreundes Fritz Höger in Bechenreihe in der holsteinischen Marsch. Am Kaminfeuer des Högerhauses trafen wir ihn, seine Frau und seine reizende kleine Enkelin Franziska, mit der wir ihn hier im Bild zeigen.

Deutsche Schreibende wären vor Neid erblaßt, hätten sie den Schöpfer der „Schiffe am Himmel" und der „Leute auf Borg" von der literarischen Aufnahmefähigkeit seiner kleinen Heimat erzählen hören. (Die Unterbringung der 10 000-Auflage eines Lyrikbandes bereitet bei einer Bevölkerung von 150 000 Seelen keine Schwierigkeiten!)

Warum Gunnarson jetzt nach Deutschland gekommen ist? Er liebt unser Land, und er hofft — kaum zu glauben — bei uns einen stillen Winkel zu finden, wo er eine Weile ungestört arbeiten kann . . .

Ýmislegt leynist í úrklippusafni Gunnars, t.d. þessi fallega mynd af honum og Franziscu yngri tekin í Þýskalandi 1952.

Menningarsjóður Gunnarsstofnunar

Menningarsjóður Stofnunar Gunnars Gunnarssonar varð til árið 2013 með fjármagni frá ríkinu sem samsvaraði fallbótum fyrir landi Skriðuklausturs við Jökulsá á Dal vegna Kárahnjúkavirkjunar. Árið 2015 var úthlutað í fyrsta sinn úr sjóðnum. Sjóðurinn er sjálfstæður en Gunnarsstofnun sér um umsýslu og er það eitt af verkefnum forstöðumanns. Á heimasíðunni www.skriduklaustur.is er hægt að sækja umsóknareyðublöð og skýrslueyðublöð ásamt því að skoða fundargerðir, fréttir og reglur. Í stjórn sjóðsins sátu við árslok 2020:

Helgi Gíslason formaður, tilnefndur af stjórn Gunnarsstofnunar.
Gunnar Björn Gunnarsson, tilnefndur af Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
Sigríður Sigmundsdóttir, tilnefnd af stjórn Gunnarsstofnunar.
varamaður: *Signý Ormarsdóttir*, tilnefnd af stjórn Gunnarsstofnunar.

Ekki var auglýst eftir umsóknum fyrir árið 2020 heldur tekin ákvörðun um að sleppa úthlutun þetta ár og ávaxta sjóðinn. Stjórn Menningarsjóðs Gunnarsstofnunar samdi við Landsbanka Íslands um ávöxtun á fjármunum sjóðsins á sínum tíma og í árslok 2020 var eigið fé sjóðsins rúmar 67 m.kr.

Gestaíbúðin Klaustrið

Umsóknir um Klaustrið fyrir árið 2020 voru 26 og þar af níu frá Íslendingum. Árið bókaðist vel og var flestum vikum úthlutað en svo skall heimsfaraldurinn á og þá tók fyrir allar komur erlendra gesta. Forföll urðu því mikil á árinu en reynt að fylla í þau skörð sem mynduðust með Íslendingum af biðlista. Samtals voru ónýttar vikur í Klaustrinu um 14 yfir allt árið.

Gestir Klaustursins þurftu að greiða staðfestingargjald fyrir íbúðina árið 2020. Gestum var séð fyrir ferðum til og frá Egilsstöðum eftir þörfum. Alls gistu níu einstaklingar eða pör í Klaustrinu. Þá gistu nokkrir til viðbótar um skemmri tíma. Blanda lista og fræða var fjölbreytt að venju og vannst mönnum vel á Skriðuklaustri að eigin sögn.

Gestir Klaustursins 2020

Magnús Jensson	Íslandi	Tónlist
Gudrun Westerlund	Svíþjóð	Myndlist
Einar Örn Stefánsson	Ísland	Þýðingar
Bjargey Ólafsdóttir	Ísland	Myndlist
Tinna Þorvalds og Björk Þorgríms	Ísland	Tónlist og ritlist
Keith Reed	Ísland	Tónlist
Hjördís Kvaran	Ísland	Ritlist
Gunnlaugur Haraldsson	Ísland	Fræðimaður
Torfi Tulinius	Ísland	Fræðimaður

Auk þess gistu eftirtaldir nokkrar nætur í íbúðinni eða í kjallara á Skriðu vegna styttri verkefna:

Eyjólfur Pálsson	Ísland	Hönnuður vegna austfirsks verkefnis
Lára G. Oddsdóttir	Ísland	Vegna verkefnis um Aðventu
Þórður Víkingur Friðgeirsson	Ísland	Fræðimaður
Amelia Ray	Bandaríkin	Vegna tónleika
Harpa Dís Björgvinsdóttir	Ísland	Vegna uppsetningar sýningar
Sunneva Hafsteinsdóttir	Ísland	Vegna uppsetningar sýningar

Endurbætur, viðhald og lóðarframkvæmdir

Ríkiseignir tóku við viðhaldi húsa á Skriðuklaustri árið 2016. Gunnarsstofnun greiðir fasta fermetraleigu á mánuði fyrir allar byggingarnar sem eru í umsjón stofnunarinnar og í staðinn sjá Ríkiseignir um viðhald og endurbætur. Samstarfið við Ríkiseignir gekk vel á árinu og voru í upphafi árs lagðar línur um hvað væri brýnast að fara í með Austurlandsfulltrúa Ríkiseigna. Haldið var áfram með múrviðgerðir á svölum Gunnarshúss og náðist ágætis áfangi í því með norðurhluta svalanna. Útlit er fyrir að þessum viðgerðum á svölunum ljúki árið 2021. Innandyra var skrifstofa skáldsins tekin í alls herjar yfirhalningu. Þar var furugólfið slípað og lakkað sem var orðið tímabært. Þá voru veggir og loft máluð.

Til umbóta utandyra fékkst styrkur úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða árið 2018, m.a. fyrir þrautabraut milli Gunnarshúss og Snæfellsstofu og jurtagarðs í anda klaustursins. Hafist var handa við gerð jurtagarðsins árið 2019 skammt frá Gunnarhúsi þar sem Einar Sæmundsen landslagsarkitekt gerði ráð fyrir honum við skipulag á staðnum. Garðurinn er átta metrar á kant og fjórskiptur með 2x2 metra beðum. Sumarið 2020 var lokið við að hlaða grjótvegg umhverfis garðinn og mun hann í framtíðinni fóstra plöntur sem ræktaðar voru í gamla klausturgarðinum ásamt matjurtum til notkunar hjá Klausturkaffi.

Klifurvegg var byggður síðsumars utan á göngubrúna sem er á milli Snæfellsstofu og Gunnarshúss. Vakti hann mikla athygli hjá börnum sem góð viðbót í þrautabrautina milli húsa. Lokauppgjör vegna styrks Framkvæmdasjóðs fór fram fyrir árslok.

Lokið var við að hlaða kringum jurtagarðinn og byrjað að rækta í honum.

Múrarinn hélt áfram viðgerð á svölum hússins og sér fyrir enda verksins.

Klifurveggur var smíðaður utan á göngubrúna hjá völundarhúsinu.

Skrifstofa skáldsins var tæmd, gólf slípað og allt málað í hólf og gólf.

Höfundarréttarmál

Samkomulag erfingja um handhöfn höfundarréttarins hjá Gunnarsstofnun var endurnýjað árið 2017. Unnið var eftir útgáfuáætlun svo sem kostur var árið 2020 sem reyndist þó erfitt vegna heimsfaraldursins. Árið 2020 var skrifað undir samning um endurútgáfu á *Svartfugli* á frönsku við forlagið Zulma fyrir tilstuðlan á Monicu C. Gram hjá dönsku umboðsskrifstofunni Copenhagen Literary Agency. Endurútgáfa *Aðventu* hjá Zulma gekk mjög vel og er ætlunin að gefa *Svartfugl* út í þýðingu Gérard Lemarquis árið 2021. Einnig var skrifað undir samning við LESA books í Ísrael um útgáfu á *Aðventu* á hebresku í þýðingu Erlendar Moshe Okon.

Sælir eru einfaldir kom út í Aserbaídsjan í þýðingu Anar Rahimov hjá Alatoran Literature forlaginu. Gunnarsstofnun átti jafnframt í viðræðum við Bjart um endurútgáfu á *Sælir eru einfaldir* í þýðingu Skúla Bjarkan og hátíðarútgáfur á *Aðventu* og *Drengnum* með óbirtum teikningum eftir Gunnar yngri. Ekki var gengið frá samningum vegna útgáfu þessara bóka.

Félagsaðild Gunnarsstofnunar og fleira

Gunnarsstofnun er aðili að **Samtökum um söguferðaþjónustu** (SSF). Forstöðumaður lét af störfum sem gjaldkeri í stjórn samtakanna árið 2019 en hefur haldið áfram utan um fjármál samtakanna þar sem lokagreiðsla vegna *Follow the Vikings* verkefnisins hefur ekki enn skilað sér. Markmið samtakanna er að skapa þessari tegund ferðaþjónustu vettvang til samstarfs og markaðssetningar og eru þau með samning ráðuneyti og í samstarfi við Íslandsstofu.

Forstöðumaður Gunnarsstofnunar hefur gegnum árin verið með **Ormsskrínið** í sínum skúffum þó að lítil starfsemi hafi verið í félaginu. Hann sér m.a. um að setja efni inn á heimasíðu félagsins, www.lagarfljotsormur.com og reynir að vekja athygli á arfleifð þessarar lifandi goðsagnar. Félagið fékk styrk úr Samfélagssjóði Fljótsdalshrepps árið 2020 til að hlaða undir skilti við Hrafnkelsstaði.

Gunnarsstofnun á hagsmunaaðild að **Austurbrú ses.** gegnum samstarfssamning við stoðstofnunina. Auk þess sem Austurbrú á 140.000 kr. stofnfjárframlag í Gunnarsstofnun frá því í tíð Atvinnuþróunarfélags Austurlands. Frá ársfundi í maí 2013 hefur forstöðumaður setið í starfsháttanefnd stofnunarinnar og gegnt þar formennsku.

Gunnarsstofnun fékk vottun Ferðamálastofu árið 2014 og flaggar fána **Vakans**. Árið 2017 náðist einnig að uppfylla umhverfisvottun Vakans en árið 2018 var allri umsýslu Vakans breytt. Gunnarsstofnun samdi árið 2019 við fyrirtækið Inspectionem um úttektir hjá sér og fékk endurnýjun á vottuninni árið 2019.

Önnur stjórnunarstörf forstöðumanns

Forstöðumaður stofnunarinnar situr í skólanefnd **Menntaskólans á Egilsstöðum** og hefur verið formaður þar frá 2013. Sú skipun rann út 2017 en hann var endurskipaður í nefndina. Þá var hefur hann setið í stjórn **Þjónustusamfélagsins á Héraði** sem ritari síðan 2017 en það félag vinnur að þróun ferðaþjónustu á Héraði. Einnig situr hann í **DMP stýrihópi** á Austurlandi og í stjórn **Veiðifélags Jökulsár á Dal**. Árið 2020 tók hann jafnframt að sér stjórnarsetu í **Skógarafurðum ehf**. fyrir hönd Fljótsdalshrepps.

Hugleiðing forstöðumanns

Árið 2020 var furðulegt ár fyrir allan heiminn sökum farsóttarinnar sem enn sér ekki fyrir endann á. Menningarstarf snýst ekki síst um að safna fólki saman til að njóta og fræðast en tekið var fyrir allt slíkt stóran hluta ársins. Ekki hefur verið opið jafn fáa daga á ársgrundvelli á Skriðuklaustri síðan á upphafsárum um aldamótin. En fagna ber því að fjöldi Íslendinga lagði leið sína í Klaustur sumarið 2020 og margir fengu að kynnast ævi og verkum Gunnars og sögu miðaldaklaustursins. Aðgangseyrir skilaði aðeins tæpum helmingi af því sem hann gerði árið á undan en samt tókst að halda rekstri stofnunarinnar réttu megin við strikið.

Samningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið rann út um áramót 2020 en var framlengdur til ársloka 2021. Vonandi munu fjárframlög í nýjum samningi ekki verða lægri enda hefur starfsemi stofnunarinnar vaxið síðustu ár, m.a. í tengslum við alþjóðlegt samstarf. CINE-verkefnið hefur sýnt fram á að lítil menningarstofnun úti í sveit getur lagt sitt af mörkum á stærri vettvangi og bæði þegið og veitt þekkingu og reynslu til annarra. Gunnarsstofnun á nú aðild að nokkrum umsóknum um Evrópustyrki sem tengjast menningarmiðlun og menningarstarfi sem vonandi fá brautargengi á næstu árum og munu gagnast til nýsköpunar og þekkingaryfirfærslu.

Forstöðumaður hefur síðustu þrjár annir setið á skólabekk í Hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands með samþykki stjórnar stofnunarinnar. Lokaverkefnið snerist um gerð grunnhandrits að nýrri miðlun á verkum og ævi skáldsins á Skriðuklaustri ásamt því að rýna í nýjustu strauma og stefnur hjá rithöfundasöfnum á alþjóðavísu. Sú rannsókn færði mér heim sanninn um að stefnan sem mótuð hefur verið og fylgt á Skriðuklaustri síðustu tuttugu ár er í takt við tímann. Það þýðir hins vegar ekki að ekki megi bæta ýmislegt. Stærsta viðfangsefnið næstu misserin er að koma upp nýrri sýningu og miðlun um verk Gunnars og ævi hans og nýta til þess nýjustu tækni. Höfuðmarkmiðið er sem fyrr að vekja áhuga á verkum höfundarins og afla fleiri lesenda en til þess þarf að draga verkin betur fram fyrir persónu höfundarins og ná til breiðari hóps innlendra sem erlendra gesta. Jafnframt þarf að auka aðgengi að verkunum og miðla fleiri gögnum gegnum netið en ráðast þarf í ýmiskonar skráningar- og skönnunarvinnu í því samhengi.

Heimsfaraldurinn hefur kennt okkur að nota og nýta betur netið sem tengir allan heiminn saman og helmingur mannkyns er tengdur hverja stund gegnum snjallsíma. Að reka menningarstarfsemi í dreifbýli er ekki sama áskorunin og fyrir tuttugu árum þegar ég tók við starfi forstöðumanns. Nú er hægt að senda út viðburði og ná til þúsunda manna án mikils tilkostnaðar. Vitaskuld er samkeppni um athygli fólks og kostir til afþreyingar og fræðslu óþrjótandi. En áhugi fyrir bókmenntum og hinu liðna minnkar ekki, eins og sést best á vaxandi notkun hljóðbóka og hlaðvarpa hjá yngri kynslóðum. Það skiptir því höfuðmáli fyrir menningarstofnanir, og ekki síst rithöfundasöfn, að missa ekki af lestinni og huga að nýsköpun í starfi sínu. Breytt hegðun fólks með tilkomu nýrrar tækni og samfélagsmiðla er komin til að vera og við þurfum að laga starfsemi okkar að því. Þannig náum við árangri og fylgjum eftir hugsjónum Gunnars og Franziscu um að á Skriðuklaustri sé starfsemi „sem til menningarauka horfir“.

Skriðuklaustri 31. maí 2021
Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður